



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 47/2014

Auglýsingar A4 um stærsta skiptibókamarkaðinn

I.

Erindið

Með bréfi Pennans ehf., dags. 1. ágúst 2014, vildi fyrirtækið kvarta yfir fullyrðingum fyrirtækisins A4, sem rekið er af Egilsson ehf., sem birst hafi í auglýsingu í fjölmiðlum sumarið 2014 um að í A4 væri „stærsti skiptibókamarkaðurinn“. Að mati Pennans fari fullyrðingin í bága við ákvæði laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Með kvörtuninni fylgi skjáskot af vefsíðunni visir.is þar sem að umrædd auglýsing hafi birst. A4 sé keppinautur Pennans.

Í auglýsingum A4 hafi birst fullyrðingin „Stærsti skiptibókamarkaðurinn“. Auglýsingarnar verði ekki skildar öðruvísi en svo að A4 telji sig hafa stærsta skiptibókamarkaðinn á öllu landinu. Engar sönnur séu þó færðar á þessari fullyrðingu í auglýsingunum og enginn fyrirvari eða útskýringar fylgi henni.

Skiptibókamarkaðir séu almennt bundnir við stuttan tíma á ári hverju, þar sem nemendur kaupir eðli málsins samkvæmt flestar bækur sínar við upphaf skólaárs. Sá tími sé nú hafinn og muni einungis standa fram í byrjun september. Það sé því áriðandi að Neytendastofa stöðvi tafarlaust birtingu auglýsinga A4. Af þessum sökum sé jafnframt óskað eftir því að málinu verði veitt flýtimeðferð hjá Neytendastofu.

Að mati Pennans brjóti framangreind fullyrðing í auglýsingu A4 gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Auglýsingin brjóti gegn 4. mgr. 6. gr., enda séu ekki færðar sönnur á fullyrðingu fyrirtækisins um að í A4 sé „stærsti skiptibókamarkaðurinn“. Ákvæðið hafi verið túlkað svo að auglýsendur eigi ekki að setja fram fullyrðingar sem þeir séu ekki í aðstöðu til að sanna. Jafnframt verði að telja að auglýsingarnar brjóti gegn 5. gr., 8. gr., 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005. Um sé að ræða villandi viðskiptahætti, sem líklegir séu til að blekkja neytendur, enda ekki færðar sönnur á það að í A4 sé að finna „stærsta skiptibókamarkaðinn“. Með því sé brotið gegn 9. gr. laganna. Um leið sé brotið gegn 8. gr. sömu laga, þar sem m.a. komi fram að viðskiptahættir sem brjóti í bága við ákvæði kaflans séu alltaf óréttmætir.



Með auglýsingum A4 sé skýrlega gefið til kynna að þar sé stærsti skiptibókamarkaðurinn og að enginn annar söluaðili, hvort sem um sé að ræða Pennan eða aðra söluaðila, hafi jafnstóran eða stærri skiptibókamarkað, án þess að fyrir liggi að sú sé raunin. Við ákvarðanatöku neytenda um það við hvaða verslun sé átt viðskipti hafi úrval skiptibóka eðli málsins samkvæmt veruleg áhrif. Auglýsingin sé villandi þar sem að hún gefi til kynna að um sé að ræða staðreynd um að skiptibókamarkaður A4 sé sá stærsti, án þess að fyrir liggi að það sé raunin. Auglýsingin brjóti því í bága við 14. gr. laga nr. 57/2005.

Vísað sé til úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 6/2013 þar sem Pennanum hafi verið bönnuð notkun auglýsinga með fullyrðingunni: „Stærsti skiptibókamarkaður á landinu“. Að mati áfrýjunarnefndar neytendamála þótti Penninn ekki hafa fært nægar sönnur fyrir fullyrðingunni en Penninn hafi lagt fram lista af heimasíðu Griffils yfir skiptibækur sem fáanlegar hafi verið hjá versluninni og samskonar lista af heimasíðu kæranda í málinu, A4. Að mati áfrýjunarnefndar neytendamála gátu umræddir listar af vöruúrvali Griffils og kæranda ekki talist fullnægjandi sönnun umræddrar fullyrðingar. Upplýsingar um framboð tveggja keppinauta á markaði, án þess að fyrir lægju gögn um framboð annarra keppinauta á viðkomandi markaði, gátu að mati nefndarinnar ekki talist fullnægjandi sönnun þess að fullyrðingin, sem fól í sér að Griffill væri með mesta framboðið á markaði, teldist sönnuð. Niðurstaða áfrýjunarnefndar neytendamála var að auglýsingarnar fælu í sér brot gegn 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005, sbr. og 5. gr. laganna, enda mætti Pennanum vera ljóst að á meðan ekki lágu fyrir upplýsingar sem fyrirtækið gæti lagt fram fullyrðingunum til sönnunar teldust þær ósannaðar í skilningi ákvæðisins. Í ljósi þessarar niðurstöðu áfrýjunarnefndar neytendamála beri A4 að sýna fram á með ótvíræðum hætti að í A4 sé stærsti skiptibókamarkaðurinn og að enginn annar söluaðili, hvort sem um sé að ræða Pennann eða aðra söluaðila, hafi jafnstóran eða stærri skiptibókamarkað. Þar sem A4 sé ekki í stöðu til þess að sanna það með ótvíræðum hætti sé um bort að ræða gegn 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005.

Að mati Pennans sé umrætt brot sérstaklega gróft í ljósi þess að Penninn vinni nú hörðum höndum að því að koma á fót skiptibókamarkaði Griffils í Laugardalshöll, þar sem að húsnæði Griffils hafi brunnið til grunna 6. júlí 2014. A4 virðist gera tilraun til þess að notfæra sér þessar aðstæður til þess að ná yfirráðum á markaðnum.

Með vísan til framangreinds sé þess krafist að Neytendastofa leggi bann við birtingu auglýsinganna á hvaða birtingarformi sem er, þ.á.m. í fjölmiðlum og í verslunum fyrirtækisins.



II. Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 12. ágúst 2014, var A4 sent erindi Pennans til umsagnar. Í bréfinu kom jafnframt fram að Penninn hafi óskað flýtimeðferðar þar sem mikil sala á námsgögnum standi nú yfir í stuttan tíma. Neytendastofa muni ekki veita málinu sérstaka flýtimeðferð en muni hraða gagnaöflun þess eins og kostur sé.

Neytendastofu barst bréf A4, dags. 18. ágúst 2014, þar sem fram kom að samkvæmt erindi Pennans sé því haldið fram að A4 geti ekki fært sönnur á auglýsinguna og að hún brjóti þar með í bága við lög. Því sé til svara af hálfu A4 að auglýsing sú sem kvartað hafi verið yfir hafi birst á vefmiðlinum visir.is þann 29. júlí 2014. Fyrir 29. júlí hafi ekki verið aðrir skiptibókamarkaðir til staðar, en þann sama dag hafi Penninn opnað aðstöðu í Laugardalshöll, undir merkjum Griffils, þar sem auglýst var að tekið væri á móti bókum.

Á þessum tíma hafi A4 verið með eina virka skiptibókamarkað landsins þar sem Penninn hafi ekki verið með skiptibókamarkað. Í ljósi aðstæðna á þessum tíma sé því ljóst að A4 hafi verið með stærsta skiptibókamarkaðinn og sé fullyrðingin því rétt. Þá sé fjöldi verslana hjá A4 sex en Penninn hafi ekki verið með verslun með skiptibækur. Þá sé rétt að benda á að fjöldi titla sem í boði hafi verið samkvæmt heimasíðu A4 hafi verið mun fleiri en fjöldi titla sem Penninn hafi verið með skráðan á sinni heimasíðu. Fjöldi eintaka hvers titils hafi einnig verið fleiri hjá A4.

Á þeim tíma sem auglýsingin hafi birst sé því ljóst að A4 hafi í raun verið með eina virka skiptibókamarkað landsins þar sem Penninn hafi þann dag sem auglýsingin birtist verið að auglýsa að fyrirtækið væri að hefja móttöku á skólabókum fyrir komandi skiptibókamarkað.

Í bréfi Pennans komi fram aðdróttanir sem enga stoð hafi í raunveruleikanum, þ.e. að umrætt „brot“ sé sérstaklega gróft í ljósi þess að Penninn sé að vinna að því að setja upp skiptibókamarkað. A4 mótmæli þeim ávirðingum sem þarna komi. Penninn sé í raun að viðurkenna að félagið hafi ekki verið með skiptibókamarkað á þeim tíma sem auglýsingin hafi birst. Öllum skrifum Pennans þess efnis að verið sé að notfæra sér bággt ástand mála hjá Pennanum með tilraunum til að ná yferráðum á markaði séu út í hött og Pennanum til skammar.

Kvörtun Pennans sé því alfarið hafnað. Ljóst sé að þau lagaákvæði sem vitnað sé til í erindi Pennans geti með engu móti átt við um þær auglýsingar sem A4 noti enda ekki um neinar þær fullyrðingar að ræða í auglýsingum félagsins sem geti fallið undir þessi ákvæði laga nr. 57/2005 sem vísað sé til.



2.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 20. ágúst 2014, voru Pennanum sendar athugasemdir A4 til umsagnar.

Neytendastofu bárust athugasemdir Pennans með bréfi þann 25. ágúst 2014. Þar kemur fram að Penninn mótmæli fullyrðingum A4, um að A4 hafi verið með eina virka skiptibókamarkað landsins þar sem Penninn hafi ekki verið með skiptibókamarkað, á þeim tíma sem auglýsingin hafi birst. Penninn bendi á að staðhæfingar A4, um að ekkert annað fyrirtæki hafi haft virkan skiptibókamarkað á þeim tíma sem auglýsingin birtist séu ekki byggðar á neinum fyrirliggjandi gögnum og séu þar með ósannaðar. Líkt og greini í erindi Pennans brjóti auglýsingin gegn 4. mgr. 6. gr., enda séu ekki færðar sönnur á fullyrðingu fyrirtækisins um að í A4 sé „stærsti skiptibókamarkaðurinn“. Ákvæðið hafi verið túlkað svo að auglýsendur eigi ekki að setja fram fullyrðingar sem þeir séu ekki í aðstöðu til að sanna.

Þá bendi Penninn á að verslunin Griffill, sem sé í eigu Pennans, hafi opnað skiptibókamarkað 29. júlí 2014. Þannig hafi A4 ekki verið með eina skiptibókamarkað landsins á þeim tíma sem urmædd auglýsing hafi birst, líkt og haldið sé fram í bréfi A4, dags. 18. ágúst 2014. Þá sé bent á að önnur fyrirtæki en Penninn kunni einnig að hafa haft virkan skiptibókamarkað á þeim tíma sem urmædd auglýsing hafi birst og beri A4 að sanna að svo hafi ekki verið eða að þeir hafi verið minni en skiptibókamarkaður A4, á þeim tíma sem auglýsingin hafi birst. Engin gögn liggi fyrir í málinu sem sanni að engin önnur fyrirtæki hafi haft virkan skiptibókamarkað á þeim tíma sem umrædd auglýsing hafi birst eða að engin fyrirtæki hafi haft stærri skiptibókamarkað en A4.

A4 greini frá því í bréfi sínu að fjöldi titla sem í boði hafi verið skv. heimasíðu A4, væri mun meiri en fjöldi titla sem Penninn hefði haft skráðan á sinni heimasíðu og einnig að fjöldi eintaka hvers titils hafi verið fleiri hjá A4. Í fyrsta lagi sé bent á að þessum staðhæfingum fylgi engin gögn og séu því með öllu ósannaðar. Í öðru lagi sé ítrekað það sem komi fram í kæru Pennans og vísað til úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 6/2013 þar sem Pennanum hafi verið bannað notkun auglýsinga með fullyrðingunni: „Stærsti skiptibókamarkaður á landinu“. Í ljósi niðurstöðu áfrýjunarnefndar neytendamála í því máli beri A4 að sýna fram á með ótvíræðum hætti að í A4 sé stærsti skiptibókamarkaðurinn og enginn annar söluaðili, hvort sem um sé að ræða Pennan eða aðra söluaðila, hafi jafnstóran eða stærri skiptibókamarkað.

Þá telji Penninn nauðsynlegt að benda á að A4 hafi birt umrædda auglýsingu aftur, eftir 29. júlí 2014, þar sem að sama staðhæfingin hafi komið fram. A4 dugi því ekki að sanna að stærsti skiptibókamarkaðurinn hafi verið hjá A4 á þeim tíma sem sú auglýsing hafi birst sem upphaflega hafi verið kvartað yfir. A4 beri enn fremur að sanna að þeir hafi jafnframt haft stærsta skiptibókamarkaðinn hinn 20. ágúst 2014.



Fyrirtækið A4 hafi ekki látið af auglýsingunum þrátt fyrir að hafa fengið bréf Neytendastofu, dags. 12. ágúst 2014, þar sem tilkynnt hafi verið um kvörtun Pennans. Auki það jafnframt alvarleika brotsins. Með tilliti til umfangs brotsins bendi Penninn á heimild Neytendastofu til þess að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóti í bága gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005.

Með vísan til framangreinds sé það ljóst að staðhæfingar A4, í auglýsingu sem birtist 29. júlí og 20. ágúst 2014, brjóti í bága við lög nr. 57/2005, þar sem að A4 hafi ekki fært sönnur á þær. Penninn ítreki kröfu sína um að Neytendastofa leggi bann við birtingu auglýsingar A4 á hvaða birtingarformi sem er, þ.á.m. í fjölmiðlum og í verslunum fyrirtækisins.

3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 27. ágúst 2014, voru A4 sendar athugasemdir Pennans til umsagnar.

Neytendastofu bárust athugasemdir A4 með bréfi, dags. 2. september 2014. Þar kemur fram að sú auglýsing sem Penninn kvarti yfir hafi ekki birst í því mæli sem Penninn fullyrði enda engin gögn lögð fram hvað það varði nema skjámynd af Facebook. A4 hafi breytt auglýsingum sínum yfir í Stóra skiptibókamarkaðinn en hafi auglýsingar með fyrri fullyrðingu birst nýlega sé ljóst að um mistök auglýsingastofu hafi verið ræða. Sé þá verið að vísa til skjámyndar á Facebook. Verði haft samband við auglýsingastofu A4 svo tryggt verði að auglýsingar birtist ekki aftur á þeim miðli.

A4 telji að eftir að þeir atburðir hafi gerst sem orðið hafi þess valdandi að Griffill gat ekki opnað skiptibókamarkað hafi verið ljóst að A4 hafi verið með stærsta skiptibókamarkað landsins og í raun þann eina. Þetta viðurkenni Griffill í raun með vísan til bréfs Griffils, dags. 1. ágúst 2014, þar sem A4 sé sakað um að notfæra sér aðstæður eftir bruna til að ná yfirráðum á markaði. Svo einfalt sé það.

Griffill hafi byrjað að taka á móti bókum þann 27. júlí 2014 kl. 13:00. Þá hafi verið ljóst að verið væri að byggja upp nýjan markað og forskot A4 hvað varðaði titla og magn umtalsvert. Í ljósi þessa taldi A4 sig geta auglýst á þann veg að félagið væri með stærsta skiptibókamarkað landsins. Sönnun hvað þetta varði felist einfaldlega í því að Griffill hafi ekki verið með skiptibókamarkað og hafi byrjað að taka á móti bókum þann 27. júlí 2014 kl. 13:00. Fljótlega eftir að starfsemin hafi verið hafin hafi A4 af sjálfsdáðum hætt að birta auglýsingar þær sem kvartað hafi verið yfir.

A4 hafi því hætt að auglýsa á þennan hátt fljótlega eftir þetta og breytt auglýsingum sínum í Stóri skiptibókamarkaðurinn.



4.

Með bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 10. september 2014, var tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið. Bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar kvörtun Pennans ehf. yfir fullyrðingum Egilsson ehf., rekstraraðila A4, um að í A4 sé að finna stærsta skiptibókamarkaðinn. Engar sönnur séu færðar á fullyrðinguna og enginn fyrirvari eða útskýringar fylgi henni. Með auglýsingunni sé gefið til kynna að í A4 sé að finna stærsta skiptibókamarkaðinn og að enginn annar söluaðili hafi jafnstóran eða stærri skiptibókamarkað. Að mati Pennans brjóti fullyrðingin gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 8. gr., 9. gr., og 14. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Viðskiptahættirnir séu villandi og líklegir til að blekkja neytendur og auglýsendur eigi ekki að setja fram fullyrðingar sem þeir séu ekki í aðstöðu til að sanna. Með úrskurði áfrýjuarnefndar neytendamála nr. 6/2013 hafi Pennanum verið bönnuð notkun fullyrðingarinnar „Stærsti skiptibókamarkaður á landinu“ þar sem ekki höfðu verið færðar nægar sönnur fyrir fullyrðingunni. A4 beri að sýna fram á með ótvíræðum hætti að í versluninni sé að finna stærsta skiptibókamarkaðinn. A4 hafi ekki verið með eina virka skiptibókamarkaðinn á þessum tíma þar sem Grifill hafi opnað skiptibókamarkað sama dag og auglýsingin birtist. Þá kunni önnur fyrirtæki einnig að hafa starfrækt virkan skiptibókamarkað á þessum tíma. Er þess krafist að Neytendastofa banni birtingu fullyrðinganna.

A4 hafnar alfarið kvörtun Pennans þar sem fyrir 29. júlí 2014, þegar auglýsingin birtist, hafi aðrir skiptibókamarkaðir ekki verið til staðar og A4 því með eina virka skiptibókamarkað landsins. Af þeim sökum hafi A4 verið með stærsta skiptibókamarkaðinn og sé fullyrðingin því rétt. Þá sé fjöldi verlsana hjá A4 sex en Penninn hafi ekki verið með verslun með skiptibækur. Einnig hafi fjöldi titla sem í boði hafi verið samkvæmt heimasíðu A4 verið mun fleiri en fjöldi titla sem Penninn hafi verið með skráðan á sinni heimasíðu. Fjöldi eintaka hafi einnig verið fleiri hjá A4. Fyrirtækið hafi breytt auglýsingum sínum eftir erindi Pennans og notast við slagorðið „Stóri skiptibókamarkaðurinn“ en hafi auglýsingar birst á annan veg eftir þann tíma sé ljóst að um mistök auglýsingastofu sé að ræða. Fljótlega eftir að starfsemi Grifils hafi verið hafin hafi A4 af sjálfsdáðum hætt birtingu auglýsinganna sem kvartað er yfir.

2.

Í lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti



með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. segir:

„Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þarf fyrirtæki að geta fært sönnur á.“

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 er í III. kafla laganna og á við um fjárhagslega hagsmuni neytenda. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við.

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 14. gr.:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum mega skv. ákvæðinu ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar gagnvart keppinaut auglýsanda eða stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum.



3.

Í auglýsingum A4 kemur fyrir hin afdráttarlausu fullyrðing: „stærsti skiptibókamarkaðurinn“. Að mati Neytendastofu verður fullyrðingin ekki skilin öðruvísi en svo að stærsta skiptibókamarkað landsins sé þar að finna, hvort sem um er að ræða stærð verslunar, fjölda titla, fjárhagslega veltu, fjölda verslana eða aðra þætti. Fullyrðingin fól enga fyrirvara í sér sem drógu úr þeim skilaboðum sem fólust í fullyrðingunni.

A4 lögðu ekki fram nein gögn til stuðnings fullyrðingunni en rökstuðningur félagsins var á þá leið að Griffill, sem rekinn er af Pennanum, hafi ekki boðið upp á skiptibókamarkað á þeim tíma sem auglýsingin birtist og A4 hafi af þeim sökum eitt fyrirtækja boðið upp á skiptibókamarkað á þessum tíma. Af gögnum málsins er ljóst að auglýsing A4 birtist í fjölmiðlum þann 29. júlí 2014, sama dag og Griffill hóf rekstur á skiptibókamarkaði sínum, og aftur þann 20. ágúst 2014. Hvað sem röksemdum A4 líður verður að telja fyrirtækið bera ábyrgð á birtingu auglýsingaefnis sem frá fyrirtækinu stafar.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005, hvílir sú skylda á auglýsanda að sýna fram á að fullyrðingar sem hann setur fram í auglýsingum séu réttar og sannar. Fullyrðing A4 er í efsta stigi, mjög afdráttarlaus og án frekari tilgreiningar hvað sé átt við. Verður fullyrðingin því ekki skilin öðruvísi en að með henni sé vísað til þess að skiptibókamarkaður A4 sé sá stærsti, sama hvaða stærðarviðmið notast er við. Með bréfi Neytendastofu, dags. 12. ágúst 2014, var A4 leiðbeint um þá skyldu sem á félaginu hvíldi að færa sönnur á fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum. Var jafnframt tekið fram að gæti fyrirtækið ekki fært sönnur á henni gæti fullyrðingin verið til þess fallin að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjörn gagnvart keppinautum. Hins vegar voru engin gögn lögð fram af hálfu A4 til stuðnings fullyrðingunni eða til þess að færa sönnur á hana. Í ljósi fyrri mála vegna sambærilegra fullyrðinga átti A4 að vera fyllilega ljós skylda félagsins til að færa sönnur á fullyrðinguna. Af þeirri ástæðu verður að telja auglýsinguna brjóta gegn 4. mgr. 6. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, enda mátti A4 vera ljóst að á meðan ekki lágu fyrir upplýsingar sem fyrirtækið gæti fært fram fullyrðingum til sönnunar teldust þær ósannaðar í skilningi ákvæðisins. Með framangreindri fullyrðingu er að mati Neytendastofu einnig brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., 1. mgr. 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005.

Eins og atvikum er hér háttað þykir Neytendastofu nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

a. ákvæðum laga þessara, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.-V. kafla, [...]“



Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga og jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum, þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Egilsson ehf., stjórnvaldssekt að fjárhæð 200.000 kr. (tvö hundruð þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Egilsson ehf., resktraraðili A4, hefur brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., 1. mgr. 9. gr. og 14. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með fullyrðingunni „Stærsti skiptibókamarkaðurinn“.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Egilsson ehf., bannað að birta fullyrðinguna „Stærsti skiptibókamarkaðurinn“.

Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Egilsson ehf. að fjárhæð kr. 200.000 (tvö hundruð þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 15. október 2014

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir